


Við hétum allir Jón – nema ég

Þáttur úr menningarsögu Mývatnssveitar



Höskuldur Þráinsson

Bakgrunnurinn

Ég ólst að verulegu leyti upp í félagsheimili, sem var reyndar líka skóli með heimavist á þeim tíma. Þetta var Skjólbrekka í Mývatnssveit. Af þessu leiddi m.a. að ég gat vel fylgst með ýmiss konar samkomum í húsinu og líka söngæfingum, leikæfingum og meira að segja hljómsveitaræfingum sem þar fóru fram. Ungmennafélagsfundum, slægjufundum, hjónaböllum og öðrum slíkum sveitarsamkomum lauk oftast með dansi. Þá var algengast að einn harmóníkuleikari sæi um tónlistina og þar komu margir við sögu. Heimamennirnir Jón Árni Sigfússon, Ívar Stefánsson og Illugi Þórarinsson voru þar fremstir í flokki, en ég man ekki betur en mágur Illuga, Arinbjörn Hjálmarsson, hafi líka gripið í nikkuna þar. Og svo voru sóttir harmóníkuleikarar í nærliggjandi sveitarfélög, svo sem Stebbi Hólkur (Stefán í Hólkoti), Fikki (Friðrik á Halldórsstöðum), Rúmbi (Reynir Jónasson á Helgastöðum) og Diddi Hall (Sigurður Hallmarsson á Húsavík).

Síðan gerðist það sumarið 1960 að hljómsveit undir stjórn heimamannsins Jóns Illugasonar fór að æfa í félagsheimilinu og spila þar á böllum (og reyndar víðar um land). Þetta var í raun skólahljómsveit frá Bifröst og í henni voru magnaðir og fjölhæfir tónlistarmenn. Jón Illuga (Jónði) spilaði á gítar, Birgir Marinósson (Biggi Mar) einkum á vibrafón, Ögmundur Einarsson (Ömmi) aðallega á píanó, Guðvarður Kjartansson (Guffi) á trompet og Kári Jónasson lék á trommur og söng. Hljómsveitin hét Kóral og í auglýsingum var hún líka kennd við söngvarann og kölluð Kóral og Kári. Jónði hafði stjórnað hljómsveitinni á Bifröst og dreif svo bara allt liðið norður í Mývatnssveit eftir útskrift og útvegaði félögum sínum vinnu þar. Söngkona skólahljómsveitarinnar, Ingibjörg Bjarnadóttir, kom þó ekki með norður.

Ég sótti dálítið í að fylgjast með æfingum hljómsveitarinnar um sumarið, enda átti ég heima í félagsheimilinu. Þótt áðurnefndir harmóníkuleikarar væru sumir hverjir mjög færir á sínu sviði var þarna eitthvað allt annað og áhrifameira á ferðinni. Biggi Mar spilaði á undrahljóð-



Útibú Kaupfélags Þingeyinga í Reykjavíki. Jón Illugason hljómsveitarstjóri var verslunarstjóri og þar unnu ýmsir hljómsveitarmenn í gegnum tíðina. Mynd; Höskuldur Þráinsson.

færið víbrafón, sem ég hafði aldrei séð fyrr, og ég dáðist mikið að leikni hans við það. Ömmi var skemmtilega rytmískur píanóleikari. Guffi hafði flott vald á trompetinum og ég man sérstaklega eftir leik hans í laginu Cherry pink and apple blossom white. Mér fannst hann á heimsmælikvarða. Kári spilaði ýmist á trommurnar eða söng, en það söng aldrei neinn með harmóníkuleikurunum á ungmennafélagsfundum og þar voru ekki heldur neinar trommur. Svo var Jónði ákaflega smekklegur gítarleikari og ég held að hann hafi ráðið mestu um lagaval hljómsveitarinnar. Mér fannst það ótrúlega skemmtilegt, klassísk erlend dægurlög frá fimmta og sjötta áratug aldarinnar í forgrunni, gjarna dálítið djassskotinn, enda Jónði mikill áhugamaður um djass. Hljómsveitin byrjaði til dæmis alltaf á því að spila lagið How high the moon, sem er í raun djassstandard, og lauk dansleikjum á laginu Don't blame me, sem bæði Ella Fitzgerald og Nat King Cole sungu á sínum tíma. Í flutningi Kóral var þetta lag þó ekki sungið heldur bara spilað og hljómsveitarstjórinn talaði í hljóðnemann undir lok lagsins: „Góðir gestir. Þetta er síðasta lagið sem við leikum í kvöld ...“

„Aldrei á einum og þremur“

Veturinn 1962–63 var ég í Menntaskólanum á Akureyri. Þar var Busabandið þá aðalhljómsveitin. Henni stjórnaði Arnmundur Backman (saxófónn) og með honum voru um þetta leyti Friðrik Guðni Þórleifsson (píanó), Birgir Karlsson (gítar), Jón Kristjánsson (gítar), Jón Þorsteinson (gítar), Halldór Þorsteinsson (trommur) og Vilhjálmur Vilhjálmsson

(Villi Vill, bassi og söngur), einvalalið. Arnmundur var hugmynda-
ríkur og skemmtilegur og fékk m.a. þá flugu í höfuðið að hafa nokkurs
konar Idol-stjörnuleit á einu ballinu í skólanum, löngu áður en svoliðis
fyrirbæri urðu vinsæl. Þetta fór þannig fram að nemendum var boðið að
syngja eitt lag með hljómsveitinni á skólaballi eftir að hafa prófað það
á einni æfingu. Af mínu mývetnska lítillæti gaf ég kost á mér í þetta. Í
framhaldinu var ég svo ráðinn söngvari með hinni skólahljómsveitinni,
en í henni voru þá Haukur Ingibergsson (gítar), Snæbjörn Kristjánsson
(gítar), Theodór Blöndal (trommur) og Egill Eðvarðsson (píanó). Við
spiluðum stundum á skólaböllum í MA, þótt Busabandið væri áfram
aðahljómsveitin þar, og svo spiluðum við líka „úti í bæ“. Mér fannst
þetta skemmtilegt.

Þegar ég kom svo heim í Mývatnssveit um vorið var ég drifinn í Kóral.
Þá voru allir upphaflegu hljómsveitarmeðlimirnir horfnir á braut nema
Jóni. Í staðinn hafði hann ráðið Jón Árna Sigfússon, móðurbróður
sinn, til að spila á píanóið og frænda sinn Jón Stefánsson (Jónsa,
síðar organista og kórstjóra í Langholtskirkju) til að spila á bassa og
trompet. Við hétum sem sé allir Jón nema ég. Í hagræðingarskyni var
ég reyndar ekki bara ráðinn sem söngvari heldur líka látinn setjast
við trommusettið, auk þess sem ég fékk bongótrommur, ýmiss konar
hristur og ásláttarkubba til umráða. Ég hafði nú aldrei prófað að fást
við trommur áður en mývetnska sjálfstraustið taldi mér trú um að ég
hlyti að geta þetta. Leiðbeiningarnar sem ég fékk á fyrstu æfingunni
voru þó mjög einfaldar og eitthvað á þessa leið: „Þetta heitir hi-hat og
þú notar vinstri fót á hann og svo kjuðana eða burstana eftir smekk.
Þetta er svo sneriltromman og þú spilar á hana með kjuðunum eða
burstunum. Þetta er bassatromman og þú notar hægri fót á hana. Svo
var ég að kaupa þennan disk eða cymbal hjá Polla Bernburg og þú hefur
hann hérna hægra megin og getur t.d. slegið í hann með kjuðanum
sem þú ert með í hægri hendi. Og svo bara eitt meginatriði: Ef þú ert
að slá tvö aðalhögg í fjórskiptum takti, til dæmis á sneriltrommuna eða
með ásláttarkubbunum, þá áttu alltaf að slá á tveim og fjórum, aldrei á
einum og þremur.“ Þetta síðasta prentaðist alveg inn í mig þannig að
nú fer ég alveg úr skorðum ef fólk fer að klappa á einum og þremur á
tónleikum. En ég varð aldrei góður trommuleikari, enda eignaðist ég
ekki trommusett fyrir en börnin mín gáfu mér sett þegar ég varð 75 ára.

Spilamennskan og lagavalið

Við Jón Stefánsson (Jónsi) vorum yngstir í hljómsveitinni þarna sumarið 1963, 17 ára.

Jón Árni var elstur og okkur fannst hann reyndar svo gamall að

það væri eiginlega varla hægt að hafa hann með. Hann var þá 35 ára. Á þessum árum hófust böllin oft svona um níu- eða tíuleytið á kvöldin og stóðu til klukkan tvö eftir miðnætti, þ.e. í fjóra eða fimm tíma. Við tókum aldrei hlé heldur skiptum bara liði í smástund á miðju balli, þannig að þeir Jóni og Jónsi spiluðu nokkur lög á gítar og bassa meðan við Jón Árni hvíldum okkur, og svo spilaði Jón Árni á nikkuna og ég á trommurnar meðan þeir Jóni og Jónsi hvíldu sig. Geirmundur tók svipað háttalag upp eftir okkur allmörgum árum síðar.

Lagavalið hjá okkur bar talsverðan svip af hinu upprunalega lagavali Bifrastarsveitarinnar. Hljómsveitin byrjaði alla dansleiki eins og áður á því að spila How high the moon og endaði á Don't blame me. En við bættum auðvitað ýmsum vinsælum lögum inn í. Viðbæturnar fóru ekki síst þannig fram að Jóni tók upp á segulband lög sem hann heyrði í útvarpinu, og þá ekki bara Ríkisútvarpinu heldur líka Radio Luxembourg og Radio Caroline. Hann skrifaði svo upp hljómana eftir þörfum og við reyndum líka að ná textanum niður eftir segulbandinu. Þegar um var að ræða íslenska og enska texta var það yfirleitt ekki mjög erfitt. Eitt lagið söng ég hins vegar á þýsku og við fengum hollenskan ferðamann til liðs við okkur til að ná þeim texta niður eftir bandinu. Þetta var reyndar lag sem var þekkt með enskum texta þótt nafnið væri spænskt, Besame mucho. Okkur fannst hins vegar fyndið að nota þýska textann Küss mich beim Bossa Nova sem söngkonan Yvonne Carré gerði vinsælan á sínum tíma. Þetta var ekkert óskaplega erfitt af því að ég var búinn að læra svolítið í þýsku þegar þetta var. Aftur á móti versnaði í því þegar japanski söngvarinn Kyu Sakamoto gerði lagið Sukiyaki vinsælt þetta sumar. Við urðum auðvitað að taka það og reyndum að ná japanska textanum niður eftir segulbandinu. Við höfðum náttúrulega ekki hugmynd um hvað hann merkti, en ég lærði



Fólksbíl í eigu Jóns Árna Sigfússonar og þingeysk hópferðabifreið í öfærð og illviðri þann 11. september 1963. Hljómsveitin Kóral átti aldrei hljómsveitarbíl en fólksbíllinn þjónaði því blutverki. Mynd; Höskuldur Þráinsson.

Þessa textauppskrift okkar utan að og söng á dansleikjum. Ég kann textann að verulegu leyti ennþá, það er að segja okkar útgáfu. Nú er hins vegar hægt að finna þennan texta á netinu og ég hef skoðað hann þar. Ég verð að viðurkenna að hann er þar talsvert öðruvísi en við héldum að hann væri.

En textarnir voru ekki allir svona flóknir. Eitt vinsælasta lagið okkar þetta sumar heitir „Bakpoki og svefnpoki“, en það lag kom upphaflega hljómsveitin með frá Bifröst. Ég hef fyrir satt að textinn sé eftir Árna Reynisson, en hann var einmitt nemandi á Bifröst. Textinn verðskuldar það að vera birtur hér í heilu lagi:

Bakpoki og svefnpoki og svefnpoki og bakpoki,
 bakpoki og svefnpoki og svefnpoki og bakpoki,
 bakpoki og svefnpoki og svefnpoki og bakpoki,
 bakpoki og svefnpoki og tjald.
 Tjald, tjald, tjald, tjald,
 tjald, tjald,
 bakpoki og svefnpoki og tjald.

Enn þann dag í dag kemur fyrir að ég rekst á Þingeyinga á fönnum vegi sem hrópa upp yfir sig: „Skuddi minn! Elsku karlinn minn! Taktu nú „Bakpoki og svefnpoki!“ Eða kannski er það aðallega einn Þingeyingur sem heilsar mér yfirleitt á þennan hátt. Hann vann lengi í Melabúðinni í Reykjavík og heilsaði mér svona þar.

Framlag til heimsmenningarinnar

Gamall skólabróðir minn, glöggur maður sem ég mat alltaf mikils, sagði einu sinni við mig: „Ég held að Kóral hafi verið langmerkasta framlag Mývetninga til heimsmenningarinnar.“ Það væri nú gaman að geta trúað því. En eftir að Kóral hætti að spila tóku ýmsir Mývetningar við danshljómsveitarkeflinu. Þetta voru yfirleitt náfrændur þeirra Jónanna sem voru með mér í Kóral á sínum tíma. Og Vogungar hafa haldið áfram að setja svip sinn á tónlistarlífið á Íslandi og það verður að viðurkennast að sumir þeirra hafa náð mun lengra en Kóral gerði. En „Stekkjaraustur“ kom fyrstur,“ eins og þar stendur.